



Ættleiðing

Fréttabréf Íslenskrar ættleiðingar • Febrúar 2005





Stjórn og starfsmenn

Íslensk ættleiðing

Ármúla 36, Selmúlamegin,
108 Reykjavík.
Pósthólf 8334, 128 Reykjavík.
Sími 588 1480
Fax 588 1481
isadopt@simnet.is
http://www.isadopt.is

Skrifstofutími

Mánudaga til fimmtudaga kl 10 -
13. Tímappantánir eftir þörfum.

Stjórn

Lísa Yoder formaður
Gerður Guðmundsdóttir
varaformaður
Ingvar Kristjánsson gjaldkeri
Ásta B. Þorbjörnsdóttir ritari
Ingibjörg Jónsdóttir meðstj.
Helga Gísladóttir meðstj.
Guðmundur Guðmundsson meðstj.

Fræðslufulltúar

Ingibjörg Birgisdóttir
Ingibjörg Jónsdóttir

Skemmtinefnd

Klara Geirsdóttir
Arnþrúður Karlsdóttir
Hrönn A. Björnsdóttir
Ingibjörg G. Mariúsdóttir
Svava Rafnsdóttir

Fjáröflunarnefnd

Guðrún Hólmgeirsdóttir
Kristjana E. Jóhannsdóttir
Sigrún Snorradóttir
Sigurlín Baldursdóttir

Ritnefnd

Alda Sigurðardóttir
Gíslína Ólafsdóttir
Snjólaug Elín Sigurðardóttir
Stefán Árni Stefánsson
Þórdís Ívarsdóttir

Ábyrgðarmaður

Lísa Yoder

Norðurlandsdeild

Elín Hallgrímsdóttir, Akureyri
Helgi Stefánsson, Akureyri

Umbrot

alvara.is

Prentun

Prentsmiðjan Ísafold

Meðal efnis

Fréttir af félagsstarfinu, ljósmyndir,
viðtal, barnaopna, matarhorn,
vögguvísa og margt fleira.

Öllum þeim fjölmörgu sem lagt
hafa til efni í blaðið eru færðar
bestu þakkir.

Forsíðumyndin er tekin í
Kolkata 2002. Feðgarnir
nýbökðu heita Örn Sverrisson
og Magnús Orri Arnarson
en blaðið er að þessu sinni
tileinkað feðrum í félaginu.



Hér er stutt kynning á meðlimum
stjórnar ÍÆ og starfsmönnum á skrif-
stofu, talið frá vinstri.

Lísa Yoder, formaður Íslenskrar
ættleiðingar, á 9 ára gamlan son frá
Kolkata. Hún er lögfræðingur hjá
KPMG.

Ásta Björg Þorbjörnsdóttir, ritari
stjórnar, sér einnig um heimasíðuna.
Börn hennar eru 6 ára gömul dóttir
og 3 ára sonur sem bæði eru fædd
í Indlandi. Ásta starfar sem kerfis-
fræðingur hjá Visa Ísland.

Helga Gísladóttir er meðstjórnandi
og sótti dóttur sína sem nú er 3ja ára
til Kína í maí 2002. Hún starfar sem
sviðsstjóri og sérkennari hjá Fjöl-
mennt.

Gerður Guðmundsdóttir, varafor-
maður, er leikskólafultrúi hjá Kópa-
vogsbæ. Synir hennar eru 3 og 6 ára
gamli og fæddir í Indlandi.

Ingibjörg Jónsdóttir er með-
stjórnandi og annar fræðslufulltrúa
ÍÆ. Hún á tvær dætur frá Indlandi,
4 og 6 ára og einn 21 árs gamlan
son. Hún er félagsfræðingur hjá
Félagsþjónustu Hafnarfjarðar.

Ingvar Kristjánsson er gjaldkeri og
dætur hans frá Indlandi eru 7 og 9
ára gamlar. Ingvar er tæknistjóri hjá
Landhelgisgæslunni.

Guðmundur Guðmundsson er
meðstjórnandi og á tvíbura, dreng og
stúlku, sem komu heim frá Kólumbíu
í september 2003. Guðmundur er
framkvæmdastjóri upplýsingasviðs
Landsbankans.

Guðrún Ó. Sveinsdóttir hefur
unnið á skrifstofu ÍÆ frá upphafi, nú
sem skrifstofustjóri. Hún var lengi
í stjórn félagsins og er kennari að
mennt. Börn hennar eru tvítug dóttir
sem fædd er á Sri Lanka og 17 ára
sonur frá Indlandi.

Fanney Reynisdóttir hefur unnið
hjá ÍÆ í eitt og hálf ár. Hún á 3
dætur, 13, 10 og 7 ára.

Fundarboð

Aðalfundur Íslenskrar ættleið-
ingar verður haldinn þann 31.
mars 2005 kl. 20:30 í Fosshótel
Lind, Rauðarárstíg 18.

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf:
 - * Kosning fundarstjóra og -ritara
 - * Skýrsla formanns
 - * Ársreikningar félagsins
 - * Ákvörðun félagsgjalds
 - * Kjör stjórnar
 - * Kjör nefnda
- Önnur mál
Kaffiveitingar
- Almennar umræður um
starfsemi félagsins. Félagsmenn
eru hvattir til að fjölmenna og
mæta stundvíslega. Aðeins
skuldlausir félagar hafa
atkvæðisrétt.

Stjórnin

Félagsgjöld

Við hvetjum alla félagsmenn til
að greiða árgjaldið. Síðastliðið vor
voru sendir út giróseðlar með
gjöldum tveggja ára, þ.e. 2003
og 2004. Enn eiga margir eftir
að greiða seðlana og viljum við
benda fólki á að í lögum félagsins
segir: Einungis skuldlausir félagar
geta notið fyrirgreiðslu af hálfu
félagsins.